



Stjórn SSH 390. fundur

Mánudaginn 3. júní 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir.

Forföll: Gunnar Einarsson og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Dagur B. Eggertsson stjórnaði fundi í forföllum stjórnarformanns.

Þetta gerðist:

1. Þjóðvegaskrá og tilfærsla þjóðvega til sveitarfélaganna.

Á fundinn mættu Guðjón Bragason og Guðríður Arnardóttir.

GB lagði fram minnisblað með upplýsingum um stöðu á endurskoðun vegalaga og vinnu samstarfsnefndar innanríkisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna endurskoðunar laganna.

2. Málefni Sorpu bs – „Sameining og samstarfsmöguleikar SORPU bs og Sorpstöðvar Suðurlands

Fyrir lá greinargerð vegna málsins, unnin af framkvæmdastjórum byggðasamlaganna.

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum greinargerðarinnar.

BH. vék af fundi.

Umræður.

Niðurstaða.

Stjórn telur eðlilegt að málið verði skoðað frekar á næstu vikum samhliða frekari vinnu við mat á staðsetningarkostum gasgerðarstöðvar SORPU bs. sbr. yfirstandandi skoðun framtíðarhóps SSH á því máli.

Jafnframt var ákveðið að kalla til sameiginlegs fundar nýs eigendavettvangs SORPU bs. og stjórnar SORPU bs. til sameiginlegrar yfirferðar yfir meginþætti beggja ofangreindra verkefna.

3. Sameiginlegt útboð á akstri fyrir fatlað fólk

Fyrir lá minnisblað frá verkfræðistofunni Verkís vegna málsins.

Á fundinn mættu Hörður Hilmarsson hópsstjóri verkefnahóps aðildarsveitarfélaganna um undirbúning að sameiginlegu útboði, og Elín Vignisdóttir frá verkfræðistofunni Verkís.

Hörður og Elín kynntu fyrirleggjandi tillögu verkefnahópsins að sameiginlegu útboði sveitarfélaganna.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að gengið verði til sameiginlegs útboðs á akstri fyrir fatlað fólk á grundvelli fyrirleggjandi tillögu verkefnahópsins.

4. **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.**

Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri SSH mætti á fundinn.

a) **Verkefnatillaga svæðisskipulagsnefndar vegna endurskoðunar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040.**

Hrafnkell gerði grein fyrir helstu þáttum verkefnatillögu svæðisskipulagsnefndar sem nefndin samþykkti á fundi sínum hinn 24. maí sl. verkefnatillagan er nú til meðferðar hjá umsagnaraðilum.

Umræður.

Niðurstaða:

Verkefnatillagan verður send aðildarsveitarfélögunum til kynningar.

b) **Verk-, tíma-, og kostnaðaráætlun fyrir endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040.**

Hrafnkell gerði grein fyrir ofangreindu og skýrði helstu kostnaðarliði, sem og forsendum fyrir skiptingu heildarkostnaðar milli aðildarsveitarfélaganna, Skipulagsstofnunar og annarra mögulegra kostunaraðila.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við Skipulagsstofnun um samning um kostnaðarþátttöku skipulagsstofnunar í samræmi við ákvæði skipulagslaga þar um, sem og að ræða við aðra mögulega kostunaraðila um þeirra aðkomu að verkefninu. Jafnframt verði áætlunin send aðildarsveitarfélögunum vegna undirbúnings fjárhagsáætlana fyrir 2014.

5. **Endurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins**

Framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri upplýstu um stöðu mála við endurskoðun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Jafnframt voru lagðir fram minnispointar vegna fundar í Umhverfisráðuneyti 29. maí sl. í kjölfar olíuslyss í Bláfjöllum.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH áréttar að á vegum sveitarfélaganna vinnur nú sérstakur stýrihópur og verkfræðistofan Vatnaskil, í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, að endurskoðun á afmörkun vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins og setningu sérstakrar heilbrigðissamþykktar um takmarkanir við víkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan vatnsverndarsvæðanna, og munu niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir á haustmánuðum. Á grundvelli þeirra niðurstaðna verður tillaga hópsins um afmörkun vatnsverndarsvæðanna send aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar. Þessi niðurstaða verður síðan felld inn í nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið með sama hætti og aðrar fyrirbyggjandi takmarkanir á landnotkun.

Ný afmörkun vatnsverndarsvæða og heilbrigðissamþykkt verða síðan grundvöllur að áhrifa- og áhættumati einstakra framkvæmda innan vatnsverndarsvæðanna og ákvörðun um möguleg framkvæmda- og rekstrarleyfi innan þeirra.

Þar sem fyrir liggur að nú er unnið að nokkrum sértækum greiningar- og rannsóknarverkefnum sem snerta vatnsverndarsvæðin, og sömuleiðis liggur fyrir að meta möguleika á tiltekinni starfsemi innan þeirra, þá telur stjórn SSH nauðsynlegt að mótaður verði vettvangur þar sem til staðar verði full yfirsýn yfir þau mál er lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og þeim verkefnum sem henni tengjast á hverjum tíma.

Stjórnin felur því framtíðarhópi SSH að fá yfirsýn yfir stöðu mála og móta tillögu að þeim vettvangi, þannig að hann verði til staðar þegar niðurstöður grunnrannsóknna Vatnaskila sbr. hér að ofan liggja fyrir í haust.

6. Önnur mál.

a) Málefni Reykjanessfólkvangs

Fyrir fundinum lá minnisblað frá sameiginlegum fundi um málefni Reykjanessfólkvangs frá 3. júní 2013 þar sem settar eru fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag samstarfs um rekstur fólkvangsins og tengsl við Bláfjallafólkvang.

Stjórn samþykkti að senda tillögurnar til umfjöllunar og afgreiðslu í aðildarsveitarfélögunum.

b) Eigendastefna fyrir SORPU bs. og Strætó bs.

Í lok fundar undirrituðu viðstaddir stjórnarmenn eigendastefnu fyrir ofangreind byggðasamlög, og staðfestu þannig fyrirliggjandi afgreiðslur sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10